

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 27. apríl 2026

Mál nr. S-1318/2026:

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Jakob Steinn Stefánsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Heimi Erni Haraldssyni

(Guðbjörg Benjamínsdóttir lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 20. apríl sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af lögrelustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 12. mars 2026, á hendur: „Heimi Erni Haraldssyni, kt. [...], [...], Akranesi, fyrir eftirtalin brot gegn A, kt. [...]:

I.

Umsáturseinelti, með því að hafa miðvikudaginn 14. maí 2025, tvívegis sett sig í samband við A með því að senda henni tvær vinabeiðnir á samfélagsmiðlinum TikTok og með því að hafa tvívegis sent sambýliskonu A vinabeiðni á samfélagsmiðlum, annars vegar á TikTok sunnudaginn 18. maí 2025 og hins vegar á Instagram fimmtudaginn 22. maí 2025, en háttsemin var til þess fallin að valda A kvíða eða hræðslu enda hafði ákærði áður sætt nálgunarbanni gagnvart henni og hlotið dóm fyrir umsáturseinelti gagnvart henni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 232. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

M: 007-2025- [...]

II.

Umsáturseinelti, með því að hafa miðvikudaginn 10. apríl 2024 ekið bifreiðinni [...] um bifreiðastæði við vinnustað A að [...] í Reykjavík, en háttsemin var til þess fallin að valda henni kvíða eða hræðslu enda hafði ákærði áður sætt nálgunarbanni gagnvart henni og hlotið dóm fyrir umsáturseinelti gagnvart henni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 232. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

M: 007-2024- [...]

III.

Umsáturseinelti, með því að hafa sunnudaginn 29. janúar 2025, ekið bifreiðinni [...] um bifreiðastæði við vinnustað A að [...] í Reykjavík, en háttsemin var til þess fallin að valda henni kvíða eða hræðslu enda hafði ákærði áður sætt nálgunarbanni gagnvart henni og hlotið dóm fyrir umsáturseinelti gagnvart henni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 232. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

M: 007-2025-[...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. gerir þá kröfu f.h. brotþola, A, kt. [...], að ákærði, Heimir Örn Haraldsson, kt. [...], verði dæmdur til að greiða brotþola skaðabætur að fjárhæð 3.000.000 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 1. ml. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. júní 2025 til þess dags þegar liðinn var mánuður frá því að [á]kærða var birt bótakrafa þessi, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess jafnframt krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola málskostnað við að halda fram kröfu þessari skv. síðar framlögðu málskostnaðaryfirliti. Ef fallist verður á beiðni brotþola um skipun réttargæslumanns er þess krafist að þóknun réttargæslumanns verði greidd úr ríkissjóði.“

2. Ákærði krefst þess að hann verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og að bótakröfu verði hafnað. Þá er þess krafist að málsvarnarlaun verjanda og annar sakarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði.

I

3. Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Ákærði hefur skýlaust játað brot sín. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

II

4. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 9. mars 2026, var ákærða með dómi Héraðsdóms Vesturlands [...] 2018 gert að greiða sekt að fjárhæð 120.000 krónur vegna brots gegn 1. mgr. 232. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá var ákærða, með dómi sama héraðsdóms, [...] 2024, gert að sæta fangelsi í fimm mánuði skilorðsbundið til þriggja ára vegna brota gegn 1. mgr. 232. gr. og 1. mgr. 232. gr. a sömu laga. Loks var ákærða með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, [...] 2025, gert að sæta fangelsi í níu mánuði en frestað var fullnustu sex mánaða af dæmdri refsingu skilorðsbundið í þrjú ár vegna brota gegn sömu lagaákvæðum. Með brotunum var ákærði talinn hafa rofið skilorð héraðsdóms frá [...] 2024 og var sá dómur tekinn upp og ákærða gerð refsing fyrir öll brotin í einu lagi.
5. Brot þau sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir framdi hann fyrir uppkvaðningu dóms héraðsdóms [...] 2025. Engar skýringar hafa komið fram á því hvers vegna ekki var ákært vegna málanna samhliða þeim sem þá var dæmt um en gögn málsins bera með sér að rannsókn þeirra var lokið þegar ákæra vegna þess máls var gefin út. Verður refsing ákærða nú hegningarauki við framangreindan dóm, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, og verður dómurinn tekinn upp og ákærða gerð refsing í einu lagi vegna allra brotanna, sbr. 60. gr. sömu laga.
6. Samkvæmt framlögðu vottorði B geðlæknis, dagsettu 31. desember 2022, vegna ákærða, hefur ákærði verið sjúklingur hans frá 28. desember 2018. [Nánari lýsing á persónu ákærða]. Mat læknirinn ákærða ekki hættulegan en taldi erfitt að meta batahorfur.
7. Við ákvörðun refsingar er litið til þess ákærða til málsbóta að hann játaði brot sitt skýlaust og lýsti því fyrir dómi að hann iðrist háttsemi sinnar, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá er ákærði nú í annað sinn sakfelldur fyrir umsáturseinelti, að teknu tilliti til þess að nú er um hegningarauka að ræða, og telst því vera um ítrekun að ræða innan ítrekunartíma 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Að auki hefur ákærði þrisvar verið sakfelldur fyrir brot gegn nálgunarbanni. Í öllum tilvikum beinist háttsemin að sama brotaþola. Verður af málsgögnum ráðið að þráhyggjuhegðun ákærða gagnvart brotaþola hafði staðið yfir í 14 ár þegar atvik gerðust. Við ákvörðun refsingar verður til refsipýngingar litið til þess að háttsemi ákærða hafði veruleg áhrif á brotaþola og olli henni vanlíðan og kvíða og hafði áhrif á lífsgæði hennar.
8. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði en fullnustu sjö mánaða af dæmdri refsingu er frestað og falli hún niður að

liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

9. Af hálfu brotþola er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 3.000.000 króna, auka vaxta og dráttarvaxta. Eins og að framan greinir hefur ákærði verið sakfelldur samkvæmt ákæru og hefur með háttsemi sinni bakað sér bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 gagnvart brotþola. Er háttsemi ákærða til þess fallin að valda brotþola miska. Af framlögðum gögnum verður jafnframt ráðið að brotin hafi haft áhrif slæm áhrif á líðan brotþola. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, 250.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði, en krafa var fyrst birt fyrir ákærða ásamt fyrirkalli 18. mars 2026. Verður upphafstími dráttarvaxta miðaður við þann dag, sbr. 2. málslið 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þá greiði ákærði 200.000 krónur í málskostnað.
10. Ákærði greiði helming málsvarnarþóknunar skipaðs verjanda síns, Guðbjargar Benjamínsdóttur lögmanns, sem alls er ákveðin 650.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti og að teknu tilliti til vinnu verjanda á rannsóknarstigi, en helmingur greiðist úr ríkissjóði. Þá greiði ákærði 33.480 krónur í annan sakarkostnað.
11. Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Heimir Örn Haraldsson, sæti fangelsi í tíu mánuði en frestað er fullnustu sjö mánaða refsingarinnar og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 250.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. málslið 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 1. júní 2025 til 18. mars 2026, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði helming málsvarnarþóknunar skipaðs verjanda síns, Guðbjargar Benjamínsdóttur lögmanns, sem alls er ákveðin 650.000 krónur, en helmingur greiðist úr ríkissjóði, og 33.480 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir